

REGLUGERÐ

24

12. apríl

um viðauka við reglugerð, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í
Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

Aftan við 14. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Óheimilt er skipuð á Siglufjarðarhöfn að taka vatn annarsstaðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.

Dorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

25

12. apríl

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn þriggja manna nefnd úr flokki sínum.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær séu nothæfar til eldvarna, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því.

3. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka, til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

Allar byggingar, sem engar íbúðir eru í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins	2‰
— næstu 10,000 kr. virðingarverðsins	1,7‰
— því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs	1,1‰

2. flokkur.

Hús, sem aðeins er 1 íbúð í:

25	Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs	2,2‰
12. apríl	— næstu 10,000 kr. virðingarverðs	2‰
	— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs	1,5‰
	3. flokkur.	
	Hús, sem 2 íbúðir eru í:	
	Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs	2,4‰
	— næstu 10,000 kr. virðingarverðs	2,1‰
	— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs	1,8‰
	4. flokkur.	
	Hús, sem eru í 3 íbúðir eða fleiri:	
	Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs	2,7‰
	— næstu 10,000 kr. virðingarverðs	2,4‰
	— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs	2,1‰

4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisparfir skal gjald-ið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upp-hæð skattsins, skal greiða:

- Fyrir vatn í sildar- og kjötpækil 5 aura fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- Fyrir vatn til fiskþvottar 15 aura fyrir hvert skippund.
- Fyrir hvern vatnshana utanhúss kr. 3.00 á ári.
- Fyrir vatn til annarar notkunar eftir mati, þannig að kr. 2.00 greiðist fyrir hverja 100 hektólitra upp að 10.000 hektólitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað. Notandi skal hafa löggiltan vatnsmæli og greiðir fyrir hann kr. 12.00 í ársleigu.

Enginn má setja hreifivélar í samband við vatnsæðarnar, án leyfis bæjar-stjórnarinnar.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 1,50 fyrir hverja smá-lest, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella 1,75. Þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 5,00 fyrir fiskiskip og kr. 10,00 fyrir öll önnur skip. Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn, eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

6. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjar-stjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 20%.

7. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. september ár hvert, og greið-ist helmingur vatnsskattsins á hvorum gjalddaga fyrir sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og má byrja á að gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni

næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. 25

12. apríl

8. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukaup-taxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. — Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

9. gr.

Skyld er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjóni í æðunum. — Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

11. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

12. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

13. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi númer reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar frá 31. marz 1928.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.